

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við það að atvikalýsing sú sem send hefur verið kærendum byggist bara á framkvæmd talningar í norðvesturkjördæmi.

Fram kemur í kæru undirritaðs að ekki var um rétt til leynilegra kosninga að ræða fyrir fatlað fólk sem kaus í Reykjavík. Um grundvallarmannréttindi er að ræða sem ekki voru varin gagnvart tilteknum þjóðfélagshóp sem þegar er jaðarsettur. Í skriflegum athugasemdum hefur yfirkjörstjóri í Reykjavík ekki getað sýnt fram á að það sem fram kemur í kærinni hafi verið rangt. Þvert á móti hefur verið að staðfest að hvergi í Reykjavík voru tjöld á kjörklefum sem ætlaðir eru fötluðu fólki.

Undirritaður skorar á undirbúningsnefnd kjörbréfa að rannsaka með sams konar hætti þau brot á lögum sem hann, og aðrir fatlaðir kjósendur á höfuðborgarsvæðinu urðu fyrir. Væri til dæmis kjörið að nefndarmenn myndu tala við starfsfólk kjörstaðarins sem um ræðir og bókasafnsins og fá úr því skorið að aðstæður hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kæru en ekki þeim hætti sem fullyrt er í svarbréfi yfirkjörstjórans.

Virðingarfyllst,

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson